

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Útgáfudagur/ útgáfa: 26.05.2011/ 4

Kemur í stað: 25.10.2010/ 3

Útskriftardagur: 30.1.2012

1. VÖRUHEITI OG FRAMLEIÐANDI

Vöruheiti: **Maxi hreinsibón**Framleiðandi: **MF Mjöll-Frigg ehf.**

Norðurhelli 10
221 Hafnarfjörður
Sími: 512 3000
Fax: 512 3001
Netfang: mjollfrigg@mjollfrigg.is
Heimasíða: www.mjollfrigg.is

Hafið samband við lækni eða Eitrunarmiðstöð Landspítala-háskólasjúkrahúss í síma 543 2222.
Hafið meðferðis merkimiða eða þessar öryggisleiðbeiningar ef leita þarf lækni. **Sími Neyðarlínunnar er 112.**

2. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

Almennt: Eldfimt. Gufa vörunnar myndar eldfima/sprengifima blöndu með andrúmslofti. Varan getur hlaðið upp stöðurafmagni. Varanð getur valdið alvarlegri lungnabólgu og lungnabjúg ef það berst niður öndunarveg við inntöku eða uppköst. Varan er eitruð vatnalífverum og getur haft skaðleg áhrif á lífríki vatns.

3. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.): Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Varnaðarmerki	H-setn.	Styrkur
Terpentína	64742-82-1	265-185-4	Xn	45-65	>70%

Varnaðarmerki, hættu- og varnaðarsetningar, sjá lið 15.

4. SKYNDIÐHJÁLP

Almennt: Ef að grunur um krankleika eða heilsutjón vaknar leitið þá strax lækni. Hafið þessar leiðbeiningar meðferðis.

Innöndun: Ferskt loft, hvíld á hlýjum stað, helst í þægilegri stíjandi stellingu. Öndunaraðstoð ef með þarf. Forðist alla líkamsáreynslu. Hafið samband við lækni.

Inntaka: Gefið strax nokkur glös af mjólk eða vatni, ef hinn slasaði er við fulla meðvitund. Framkallið **ekki** uppköst. Samstundis á sjúkrahús. Ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst getur það valdið alvarlegum lungnaskaða.

Snerting við augu: Ertandi.

Snerting við húð: Þvoiid vandlega með vatni og sápu. Endurtekin eða viðvarandi snerting þurrkar upp húðina og getur valdið sprungum og exemi. Fjarlægið fót sem slettst hefur á.

5. BRUNI/AÐFERÐIR VIÐ AÐ SLÖKKVA ELD

Almennt: Kælið nálægar birgðir af efninu með vatnsúða sé ekki unnt að fjarlægja þær hættulaust.

Slökkviefni: Duft, froða, kolsýra, vatnsúði.

**Hættuleg niðurbrots-
efni við bruna:** Við ófullkominn bruna getur myndast kolmónoxíð. Efnið flýtur á vatni og getur brunnið þar. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur dreifst eftir gólfum og valdið ikveikju fjarri upprunastað.

**Hlíðarbúnaður við
slökkvistörf:** Hlíðargalli og reykköfunarbúnaður.

6. EFNALEKI

Til verndar fólki: Forðist beina snertingu og innöndun gufu (sjá 8. lið). Reykið ekki við meðhöndlun vörunnar og gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni með jarðtengingu.

Til verndar umhverfi:	Komið í veg fyrir að varan berist í niðurföll eða mengi grunnvatn eða jarðveg.
Hreinsun:	Hreinsið upp með ísogsefni, t.d. sandi mold eða sambærilegu. Komið ísogsefninu í tóm ílát til förgunar (sjá 13. lið).

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

Meðhöndlun:	Almennar ráðstafanir sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna.
Geymsla:	Geymist í upprunalegu umbúðunum, lokuðum, á þurrum og vel loftræstum stað þar sem að börn ná ekki til. Hlífið gegn sólarljósi, neista- og hitagjöfum. Æskilegt geymsluhitastig er 5-20°C. Geymslutími a.m.k. eitt ár sé leiðbeiningum um geymsluaðstæður fylgt.

8. EFTIRLIT MEÐ MENGUN / PERSÓNULEGUR HLÍFÐARBÚNAÐUR

Mengunarmörk: Engin mengunarmörk hafa verið sett fyrir vöruna. Um þau hráefni sem notuð eru í vöruna og getið er í reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum gildir eftirfarandi:

Efni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Meðalgildi	Þakgildi
Terpentína	64742-82-1	265-185-4	25ppm (145 mg/m ³)	

Tæknilegar öryggis-ráðstafanir:

Möguleiki til augn- og húðskolunar með vatni. Góð loftræsting. Vinnu skal ætíð skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er. Loftræsting þarf að vera góð og þörf getur verið á vélrænni loftræstingu eða staðbundnu sögi.

Persónuhlífar:

- Augu: Hlífðargleraugu eða andlitshlíf.
- Hendur: Hlífðarhanskar, PVC.
- Öndunarfæri: Sé loftræsting ekki góð þegar unnið er með efnið ber að nota gassgrímu með samsettum síum NPF 20 eða 400.
- Annað: Klæðist venjulegum hlífðarfatnaði.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

Ástand og útlit:	Hvítur vökvi
Lykt:	Paraffínlykt.
pH, óþynnt:	9,3 ± 0,2
Blossamark [°C]:	~40.
Bræðslumark [°C]:	< 0.
Hætta á sjálfíkveikju:	240.
Eðlisþyngd [kg/m³]:	800 ± 15.
Leysanleiki í vatni:	Leysist ekki.
Leysanleiki í öðrum leysiefnum:	Óþekktur.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

Stöðugleiki:	Varan er stöðug við tilætlaða notkun, og réttar geymsluaðstæður.
Aðstæður sem skal forðast:	Hiti, eldur og neistagjafir.
Efni sem skal varast:	Engin þekkt.
Hættuleg niðurbrots-efni:	Við ófullkominn bruna getur kolmónoxíð myndast.

11. EITURFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Almennt: Eftirfarandi upplýsingar byggja á upplýsingum frá framleiðanda innihaldsefna vörunnar.

Snerting við húð:	Ertandi. Endurtekinn eða viðvarandisnerting þurrkar upp húðina og getur valdið sprungum og exemi.
Augu:	Ertandi.
Inntaka:	Ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst getur það valdið alvarlegum lungnaskaða.
Heilsuhætta:	Inntaka
Efni	LD50_{rotta} mg/kg
Terpentína	>2000

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Lífniðurbrot:	Terpentína brotnar mjög hægt niður í náttúrunni.
Eituráhrif í vatni:	Leysist illa í vatni og gufar hratt upp og er því ólíklegt að hafa veruleg áhrif á lífríki í vatni.
Þrávirkni:	Afar ólíklegt er að einhver hráefnanna sem notuð eru í vöruna safnist fyrir í fæðukeðjunni þar sem að þau brotna öll niður.

13. FÖRGUN

Ekki má urða vöruna. Sé um lítið magn að ræða á að blanda vörunni varlega saman við mikið vatn og meðhöndlið eins og um lífnn efnalesa sé að ræða (sjá 6. lið). Hafið samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku ef um mikið magn er að ræða. Gallaða vöru á að senda til framleiðanda. Tómar umbúðir skal skola a.m.k. tvisvar sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar, endurunnar eða fargað. Að öðru leit er vísað í reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

14. FLUTNINGUR

ADR (flutningar á vegum)

SÞ-númer:	1300
Innihaldslýsing:	TERPENTÍNA, MÍNERÖLSK
Flokkur:	3
Pökkunarflokkur:	II
Hættunúmer:	33

IMDG (flutningar á sjó)

UN-number:	1300
Proper ship name:	TURPENTINE SUBSTITUTE
Class:	3
Packing group:	II
MFAG table no.:	311

DGR (flutningar í lofti)

UN-number:	1300
Proper ship name:	TURPENTINE SUBSTITUTE
Packing group:	II

15. UPPLÝSINGAR UM LÖG, REGLUGERÐIR EÐA REGLUR

Unnið samkvæmt reglugerð 1027/2005 um öryggisblöð, reglugerð 154/1999 um reglur og leiðbeiningar um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum ásamt síðari breytingum og reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitufefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni ásamt síðari breytingum.

Merking:



H-setningar:

22 Hættulegt við inntöku.

V-setningar:

2 Geymist þar sem börn ná ekki til.

24 Varist snertingu við húð.

37 Notið viðeigandi hlífðarhanska.

62 Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvífalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Útgáfudagur: 26.05.2011**Útgáfa:** 4.**Kemur í stað:** 25.10.2010**Endurskoðað:** Richard Kristinsson.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru samdar með það í huga að koma á framfæri heilsu-, öryggis- og umhverfisupplýsingum er lúta að meðhöndlun og notkun vörunnar.

Þær upplýsingar sem fram koma eru byggðar á gögnum sem framleiðandi telur áreiðanleg. Sum þessara gagna eru látin í té af hráefnaframleiðendum og því getur framleiðandi ekki ábyrgst að þau séu í alla staði rétt.

Framleiðandi getur ekki stjórnað eða haft vitneskju um aðstæður og aðferðir við meðhöndlun, geymslu, notkun eða förgun vörunnar eftir að hún hefur verið seld kaupanda. Af þessum ástæðum tekur framleiðandi ekki ábyrgð á slysum eða öðru tjóni sem rekja má til eða er á einhvern annan hátt tengt meðhöndlun, geymslu eða notkun vörunnar.

Þessar öryggisleiðbeiningar voru einungis samdar fyrir þessa tilteknu vöru og því á einungis að nota þær í því sambandi. Sé varan blönduð öðrum efnnum eða hún notuð sem hluti af annarri vöru er mögulegt að þessar öryggisleiðbeiningar séu ekki lengur viðeigandi.